

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Selfosslínu 1.

Skipulagsstofnun staðfesti 21. október 2024 breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 3. september 2024.

Í breytingunni felst að mörkuð er stefna um 3 km langan 132 kV jarðstreng, Selfosslínu 1, frá Selfossi meðfram nýrri legu Suðurlandsvegur að mörkum Sveitarfélagsins Árborgar. Jafnframt er gerð breyting á mörkum Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar og er afmörkun reita VÞ1 og ÍÞ1 löguð að nýjum sveitarfélagamörkum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. október 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 4. nóvember 2024